

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2001

frá 23. febrúar 2001

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2000 frá 22. desember 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/56/EB frá 14. september 2000 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/439/EBE um ökuskírteini⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 24a (tilskipun ráðsins 91/439/EBE) í XIII. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„- **32000 L 0056:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/56/EB frá 14. september 2000 (Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 45).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.2001, bls. 36 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 9, 22.2.2001, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 45.

2. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.